

# Stöðvarfjarðarskóli



**Lestrarstefna  
2015 - 2016**

## **Lestrarstefna Stöðvarfjarðarskóla**

Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir. Þeir eru haldnir heims af þjóð höfðingjarnir mestir.

*Höfundur ókunnur*

Læsi er einn af sex grunnþáttum menntunar. Í almennum hluta Aðalnámskrár frá 2011 segir að meginmarkmið læsis sé að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda.

Á undanförunum árum hefur orðið breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Sá texti sem ber fyrir augu lesanda er nú fjölbreytilegri en áður og birtist ekki eingöngu á pappír heldur einnig á rafrænu formi og er þá oft settur saman úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd.

Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að nemendur verði sjálfstæðir og fari smám saman að velja sér lesefni sem hentar þeim til náms, fróðleiks eða skemmtunar.

Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

### **Skólinn okkar.**

Í Stöðvarfjarðarskóla er mikil áhersla lögð á lestur og á að rækta læsi í sem víðustum skilningi. Æskilegt er að nemendur geti frá upphafi skólagöngu sinnar notið lestrar bæði sér til gagns og gamans.

Á yngra stigi þar sem eru nemendur í 1.-5. bekk er kennt eftir Byrjendalæsi sem er læsiskennsluaðferð sem leggur áherslu á fjölbreytta nálgun lestrar og ritunar.

- *Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni.*
- *Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.*
- *Gengið er út frá því börn þurfi að fá lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnnar hugsunar.*
- *Margs konar gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í tæknilega vinnu með stafi og hljóð jafnt sem vinnu með orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi*

Á eldra stigi þar sem eru nemendur í 6.-10. bekk er mikil áhersla lögð á að efla lestur og alla færniþætti læsis þ.e. færni í talmáli, lestri og ritun. s.s.

- *Yndislestur, þar sem nemendur lesa bækur að eigin vali.*
- *Upplestur, framsögn, lesið upphátt, sögur og eða ljóð, hvort sem er frumsamið eða úr bókum*
- *Leiklestur, lesin leikrit.*
- *Leitarlestur, leitað að sértækum upplýsingum í texta.*
- *Skimunarlestur, leitað að aðalatriðum í texta eða um hvað hann er.*
- *Hlustun á vandaðan upplestur. Hlustun eflir skilning á mæltu máli og eykur orðaforða.*
- *Efling orðaforða í tengslum við lestur, unnið með margskonar texta og orð á skapandi hátt.*
- *Heimalestur. Ákveðinn texti lesinn heima, bæði í hljóði og upphátt.*
- *Nemendur hvattir til að nýta bókasafnið markvisst en skólabókasöfn taka þátt í samstarfsverkefnum til að örva og efla lestur.*

### **Hlutverk foreldra og heimila.**

Til að góður árangur náist verður kennsla og þjálfun í læsi að vera samvinnuverkefni heimila og skóla. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra og

forráðamanna í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að þeir geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barnanna.

Mikilvægt er því að foreldrar og forráðamenn sýni gott fordæmi og lesi sjálfir sér til yndis og ánægju og lesi fyrir börnin og með þeim.

Jafnframt er mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um börn sem eiga við lestrarörðugleika að etja en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu og færni og áður en þau fóru í frí.

**Lestraraðstoð / Sérkennsla:** Nemendur sem greindir eru með lestrarerfiðleika eða eru lengi í gang með lesturinn fá lestrarþjálfun 1-3x í viku hjá sérkennara í Lesveri. Þjálfunin fer ýmist fram einstaklingslega eða í hóp. Heimilin eru hvött til að fylgjast með heimalestri og hvetja börn sín til lesturs. Nemendur eru hvattir til að lesa efni sem vekur áhuga þeirra.

Það sem við **erum** að gera og **ætlum** að gera:

**Yndislestur:** Nemendur á eldra stigi byrja flesta daga á yndislestri. Þeir lesa bækur að eigin vali og er lesið í ró og næði í 20 mínútur. Eftir lesturinn er stundum rætt um efni bókana sem þau eru að lesa og þau segja frá því sem er að gerast. Eins er oft unnið með orð úr textunum. T.d. finna einhver erfið eða skrýtin orð og þau þá skrifuð upp á töflu og rætt um þau. Eða finna nafnorð, sagnorð eða lýsingarorð. Eins eiga þau af og til að skila skriflegri skýrslu um bók sem þau lásu.

**Mæling á lestrarhraða:** Sérkennari mælir hvern nemanda í raddlestri og skráir í gagnagrunn. Niðurstöður sendar jafnóðum til heimila. Prófað er þrisvar á haustönn og tvisvar á vorönn. Niðurstöður vorannar eru hafðar til samanburðar við fyrstu mælingar að hausti. Desembermæling er höfð til samanburðar við fyrri mælingu á vorönn.

**Heimalestur:** Yngra stig nemendur lesa heima á hverjum degi í 10-20 mínútur eftir aldri og foreldrar/forráðamenn skrá lesnar blaðsíður og kvitta fyrir. Einnig skrifa nemendur valin orð úr lesnum texta. Ef ítrekaður misbrestur verður á kvittunum frá heimilum, verður sendur tölvupóstur til áminningar. Ef engin bót verður á hringir umsjónarkennari í foreldra/forráðamenn og minnir á mikilvægi þessa daglega lesturs og ábyrgð foreldra/forráðamanna á heimanámi barna sinna.

Sama fyrirkomulag verður tekið upp hjá eldra stigi frá 1. janúar 2016. Nemendur lesi að lágmarki í 30 mínútur á degi hverjum. Nemendur skrá lesinn blaðsíðufjölda og foreldrar kvitta fyrir. Lestrarefnið getur verið hvort sem er námsbækur og/eða yndislestur. Hafi nemandi ekki náð aldurssvarandi lestrarviðmiðum, er æskilegt að hann lesi upphátt daglega. Ef ítrekaður misbrestur verður á kvittunum frá heimilum, verður sendur tölvupóstur til áminningar. Ef engin bót verður á hringir umsjónarkennari í foreldra/forráðamenn og minnir á mikilvægi þessa daglega lesturs og ábyrgð foreldra/forráðamanna á heimanámi barna sinna.

**Lestrarviðurkenningar:** Yngra stig: Hálfsmánaðarlega er tekinn saman fjöldi lesinna blaðsíðna hjá hópnum og viðurkenning veitt ef hópurinn bætir sig á milli mælinga. Bækur lesnar heima eru taldar með.

Eldra stig: Hálfsmánaðarlega er tekinn saman fjöldi lesinna blaðsíðna hjá hópnum og viðurkenning veitt ef hópurinn bætir sig á milli mælinga. Heimalestur er talinn með.

**Lestrarvinir:** Tímaáætlun verður sett upp, þar sem lestrarvinir verða til staðar og aðstoða við lesturinn. Þar er helst horft til starfsmanna bókasafnsins og annarra sem eiga lausa stund aflögu

**Bókatré:** Nemendur og starfsfólk taka þátt í verkefninu. Allar lesnar bækur í skóla og heima eru skráðar á laufblöð og þau fest á greinar trésins.

**Bókakassi / Bókahilla:** Bækur aðgengilegar í miðrymi skólans og sjá starfsmenn bókasafnsins um umhirðu bóka.

**Lestrarhvatning:** Leitast er við að hafa fjölbreytni í lestrinum t.d. lestrarbingó, lestrarspretti, eldri lesa fyrir yngri, yngri lesa fyrir leikskólabörn, lestrarvikur, lesið á undarlegum stöðum o.s.frv. Kennarar verði sífellt vakandi fyrir því að gera lestur áhugaverðan og spennandi.

**Sjá má yfirlit yfir skimanir skólaárið 2015 -2016 á heimasíðu skólans og Skólaskrifstofu Austurlands**

<b>Lestur og bókmenntir</b>	<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir</b>	
	<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur rímað og klappað atkvæði í orðum</li> <li>• kann íslensku bókstafina og hljóð þeirra</li> <li>• getur lesið og unnið með einfaldan gæðatexta</li> <li>• sýnir skilning á efni textans</li> <li>• getur lesið úr myndrænu efni</li> <li>• getur valið sér lesefni við hæfi á skólasafni</li> </ul> <p><b>Að auki í 2.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið í hljóði og upphátt</li> <li>• þekkir hugtökin orð og málsgrein</li> <li>• getur lesið einfaldan fróðleiks- og gæðatexta og greint aðalatriði</li> <li>• getur endursagt lesinn texta</li> </ul> <p><b>Að auki í 3.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið sér til ánægju og fróðleiks</li> <li>• getur nýtt fjölbreyttan orðaforða við að skilja texta</li> <li>• getur valið sér bækur eftir áhugasviði af skólasafni</li> <li>• getur aflað sér afmarkaðra upplýsinga úr bókum og af Netinu og nýtt í verkefnavinnu</li> <li>• getur beitt hugtökum eins og sögupræði, persónulýsingu, umhverfi og boðskap</li> </ul> <p><b>Að auki í 4.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið fyrirmæli og farið eftir þeim</li> <li>• getur aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum</li> <li>• getur lesið úr tákmyndum og myndrænu efni</li> </ul>		<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum</li> <li>• getur leikið og túlkað texta sem lesinn er í skólanum</li> <li>• getur tekið þátt í samræðum</li> <li>• getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni</li> <li>• getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim</li> </ul> <p><b>Að auki í 2.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur talað skýrt og komið hugsunum sínum í orð</li> <li>• getur rætt skoðanir sínar og tilfinningar frammi fyrir bekkjarfélögum</li> <li>• getur greint orð, hugtök og orðasambönd</li> </ul> <p><b>Að auki í 3.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekur þátt í umræðum, hlustar á aðra og sýnir kurteisi</li> <li>• talar skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri</li> <li>• getur rætt og rökstutt skoðanir sínar</li> <li>• getur nýtt sér og endursagt efni á rafrænu forni</li> </ul> <p><b>Að auki í 4.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur beitt skýrum og áheyrilegum framburði</li> <li>• getur tjáð sig frammi fyrir hópi, rökstutt mál sitt, tekið þátt í umræðum</li> <li>• getur nýtt sér og endursagt efni af mismunandi miðlum</li> <li>• getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið daglega heima og í skólanum</li> <li>• yndislestur</li> <li>• skólasafn</li> <li>• unnið út frá gæðatexta með inntak textans og lykilorð</li> <li>• unnið á fjölbreyttan hátt með hljóð og stafi, stafasambönd, málfræðiatr. og endurbekkingu orða</li> <li>• myndsköpun</li> <li>• leikir og spil</li> <li>• einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna</li> <li>• þemavinna þvert á námsgreinar</li> <li>• útikennsla</li> <li>• munnleg tjáning í ýmsum verkefnum</li> <li>• frásagnir, leikræn tjáning</li> <li>• vettvangsferðir</li> <li>• hlustun og þátttaka í umræðum</li> <li>• nestislestur</li> <li>• fjölbreytt ritun</li> <li>• stöðva- og verkefnaval</li> <li>• tölvuforrit</li> <li>• fræðslumyndir</li> </ul>	
	<b>Ritun</b>		<b>Námsmat</b>	<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur dregið rétt til stafs</li> <li>• getur skrifað sögupráð</li> <li>• getur búið til sögupersónur út frá leik</li> </ul> <p><b>Að auki í 2.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur samið texta frá eigin brjósti</li> <li>• skrifar læsilegan texta</li> <li>• notar fjölbreyttan orðaforða</li> <li>• hefur bil milli orða</li> </ul> <p><b>Að auki í 3.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur skrifað margvíslega texta</li> <li>• skrifar læsilega</li> <li>• getur nýtt grunnþætti í byggingu texta, upphaf, meginmál og niðurlag</li> </ul> <p><b>Að auki í 4.b.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• dregur rétt til stafs og skrifar skýrt og læsilega</li> <li>• getur notað tiltæk hjálpargögn</li> <li>• getur beitt grunnþáttum í byggingu texta</li> <li>• getur skrifað texta á tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu</li> <li>• getur nýtt og miðlað þekkingu sem hann hefur aflað sér</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• leiðsagnarmat fer fram á allri vinnu nemenda</li> <li>• Læsi 1.1, 1.2 og 1.3</li> <li>• Leið til læsis</li> <li>• samræmd könnunarpróf í 4.b.</li> <li>• raddlestrarpróf, niðurstöður sendar á heimili 4x á ári</li> <li>• sjálfsmat og jafningjamat</li> <li>• Orðarún</li> <li>• lesskilningspróf</li> </ul>
			<b>Viðmið um atkvæði í raddlestri á Austurlandi</b>		
				<p><b>1.b. 30 – 80</b></p> <p><b>2.b. 60 – 130</b></p> <p><b>3.b. 110 – 170</b></p> <p><b>4.b. 160 – 230</b></p>	

Lestur og bókmenntir	Hæfniviðmið	Talað mál, hlustun og áhorf	Hæfniviðmið	Leiðir
	<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið áheyrilega með réttum áherslum</li> <li>• getur lesið sér til ánægju</li> <li>• getur lesið og skilið fjölbreytta texta sem reyna á færni í lestri</li> <li>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða sinn</li> <li>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta og endursagt</li> <li>• getur nýtt sér ólíka miðla við upplýsingaöflun og er læs á myndmál og myndrit</li> </ul> <p><b>Að auki í 6. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hefur tileinkað sér góðan upplestur</li> <li>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða</li> <li>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í texta og endursagt</li> <li>• getur nýtt sér ólíka miðla við upplýsingaöflun, er læs á myndmál og myndrit og getur lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga</li> <li>• getur túlkað og skilið fróðleiks- og bókmenntatexta</li> </ul> <p><b>Að auki í 7. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið sér til ánægju og fróðleiks</li> <li>• hefur tileinkað sér góðan upplestur og heldur athygli áheyranda</li> <li>• getur beitt mismunandi lestraraðferðum</li> <li>• getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað</li> <li>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra</li> <li>• getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær</li> </ul>		<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi og haldið athygli áheyranda</li> <li>• getur hlustað og horft af athygli á efni sem hæfir aldri hans og þroska</li> <li>• getur tjáð sig um efni sem hann hefur lesið, hlustað eða horft á</li> <li>• getur tekið þátt í umræðum um fjölbreytt málefni</li> <li>• getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</li> </ul> <p><b>Að auki í 6. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur orðað hugsanir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim</li> <li>• getur hlustað á aðra í umræðum og tekið tillit til skoðana þeirra</li> <li>• getur endursagt og dregið ályktanir af því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið</li> <li>• getur beitt orðaforða námsgreina af skilningi</li> </ul> <p><b>Að auki í 7. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar</li> <li>• getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum</li> <li>• getur hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum</li> <li>• getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt</li> <li>• getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stóra upplestrarkeppnin</li> <li>• lesið daglega heima og í skólanum</li> <li>• yndislestur</li> <li>• skólasafn</li> <li>• vinnur með orðaforða á fjölbreyttan hátt</li> <li>• fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur</li> <li>• ýmsir miðlar</li> <li>• þemavinna</li> <li>• útikennsla</li> <li>• vettvangsferðir</li> <li>• kynningar</li> <li>• bekkjarfundir</li> <li>• umræður</li> <li>• leikræn tjáning</li> <li>• nestislestur</li> <li>• fjölbreytt ritun</li> <li>• tölvu- og ritvinnsluforrit</li> <li>• fræðslumyndir</li> </ul>
	Námsmat		<ul style="list-style-type: none"> <li>• raddlestrarpróf, niðurstöður sendar á heimili 4x á ári</li> <li>• Orðarún</li> <li>• Logos</li> <li>• jafningamat</li> <li>• sjálfsmat</li> <li>• leiðsagnarmat</li> <li>• samræmd könnunarpróf í 7.b.</li> </ul>	
	Viðmið um atkvæði í raddlestri á Austurlandi			
5.b. 210 – 300 6.b. 250 – 300 7.b. 280 – 330				
	Ritun	<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur skrifað skýrt og læsilega</li> <li>• getur samið fjölbreytta texta og beitt ólíkum stílbrögðum</li> <li>• getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar</li> <li>• getur nýtt sér reglur um grunnþætti ritunar</li> <li>• getur skrifað texta á tölvu og notað mismunandi ritvinnsluforrit</li> </ul> <p><b>Að auki í 6. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur nýtt sér ólíka miðla</li> <li>• getur dregið út aðalatriði og endursagt efni skriflega</li> <li>• getur tjáð hugmyndir sínar og reynslu af öryggi</li> <li>• getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar</li> </ul> <p><b>Að auki í 7. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur gagnrýnt og endurskoðað eigin texta</li> <li>• getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar af öryggi</li> <li>• getur nýtt sér ólíka miðla við ritun og beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu</li> <li>• getur lagt mat á heimildir og vísað til þeirra</li> <li>• getur sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga og heimilda</li> </ul>		

<b>Lestur og bókmenntir</b>	<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir</b>
	<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið ólíka texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað</li> <li>• getur nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir</li> <li>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning</li> <li>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum</li> <li>• getur notað orðabækur og önnur uppflettirit</li> <li>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra</li> <li>• getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær</li> </ul> <p><b>Að auki í 9. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilur mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi</li> <li>• getur lesið ólíka texta með skilningi, lagt mat á þá, ályktað og túlkað</li> <li>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum</li> </ul> <p><b>Að auki í 10. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur</li> <li>• getur lesið fræði-, afþreyingar- og bókmenntatexta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá, ályktað og túlkað</li> <li>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra</li> </ul>		<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>• gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar</li> <li>• getur hlustað á aðra og virðir skoðanir þeirra og tilfinningar</li> <li>• getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum</li> <li>• getur nýtt sér margvíslega miðla og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</li> <li>• getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi</li> </ul> <p><b>Að auki í 9. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur komið þekkingu sinni og skoðunum á framfæri og valið þeim miðil sem hentar</li> <li>• getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega í samræmi við tilefni og aðstæður</li> </ul> <p><b>Að auki í 10. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur komið þekkingu sinni og skoðunum á framfæri, fært rök fyrir máli sínu og valið miðil sem hentar</li> <li>• getur nýtt efni sem miðlað er með hljóði, mynd og margmiðlun sér til fróðleiks og skemmtunar, túlkað það og metið</li> <li>• getur hlustað á aðra, virt skoðanir þeirra og tekið þátt í rökræðum um fjölbreytt málefni</li> <li>• getur átt góð samskipti, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið daglega heima og í skólanum</li> <li>• yndislestur</li> <li>• skólasafn</li> <li>• vinnur með orðaforða á fjölbreyttan hátt</li> <li>• fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur</li> <li>• ýmsir miðlar</li> <li>• þemavinna</li> <li>• útikennsla</li> <li>• vettvangsferðir</li> <li>• kynningar</li> <li>• bekkjarfundir</li> <li>• umræður</li> <li>• leikræn tjáning</li> <li>• nestislestur</li> <li>• fjölbreytt ritun</li> <li>• tölvu- og ritvinnsluforrit</li> <li>• fræðslumyndir</li> </ul>
	<b>Ritun</b>	<b>Námsmat</b>	<p><b>Nemandinn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi</li> <li>• getur tjáð sig í rituðu máli og nýtt sér viðeigandi hjálpargögn</li> <li>• getur skrifað fjölbreyttan texta og miðlað þekkingu sinni hugsun og tilfinningum</li> <li>• getur aflað sér heimilda og lagt mat á þær</li> </ul> <p><b>Að auki í 9. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið og skrifað mismunandi textagerðir og beitt mismunandi orðaforða og málsniði</li> <li>• getur nýtt sér viðeigandi hjálpargögn</li> <li>• getur skrifað fræðilegar heimildaritgerðir og sett upp heimildaskrá</li> </ul> <p><b>Að auki í 10. bekk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur skrifað skýrt og læsilega, beitt ritvinnslu og skipulegum vinnubrögðum við ritun</li> <li>• getur valið og skrifað mismunandi textagerðir og beitt ríkulegu tungutaki og málsniði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• raddlestrarpróf, niðurstöður sendar á heimili 4x á ári</li> <li>• Orðarún 2x á ári</li> <li>• Logos</li> <li>• mat á ritgerðum og verkefnum</li> <li>• jafningjamat</li> <li>• sjálfsmat</li> <li>• leiðsagnarmat</li> <li>• samræmd könnunarpróf í 10.b.</li> </ul>
		<b>Viðmið um atkvæði í raddlestri á Austurlandi</b>		
	<b>8.b. 300 – 350</b>			
	<b>9.b. 300 – 350</b>			
	<b>10.b. 300 – 350</b>			



## Nokkrar örskýringar á hugtökum – ein blaðsíða 👍

**Læsi** - Læsi felur í sér frumpætti móðurmálsins, tal, hlustun, lestur og ritun. Að verða læs þýðir að skilja og ráða yfir færni sem byggir á öllum þessum þáttum.

**Lestur** - Lestri má skipta í tvo meginþætti, umskráningu og lesskilning. Lestrarferlið er því samspil þessara tveggja þátta. Ef umskráningu er ábótavant þ.e. barnið getur ekki ráðið úr táknum þá á lestur sér ekki stað.

**Málskilningur** - Í málskilningi felst færni í að hlusta á og skilja talað mál.

**Hlustunarskilningur** - Er skilningur á mæltu máli sem einstaklingurinn hlustar á.

**Lesskilningur** - Er túlkun lesandans sjálfs á þeim texta sem hann les hverju sinni.

**Lestrarferlið** - Með lestrarferli er átt við þá hugarstarfsemi sem á sér stað við lestur. Lestrarferlinu má lýsa þannig að þegar lesarinn sér bókstaf eða orð á blaði þá taka augun “mynd” sem heilinn tekur síðan við og vinnur úr áreitinu.

**Raddlestur** - Raddlestur er sá lestur sem lesinn er upphátt en andstætt honum er hljóðlestur. Raddlestur getur verið sumum nemendum erfiður og kallað fram kvíða og óöryggi hjá einstaka nemendum. Því ber að taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Raddlestur gerir kröfur um jafnan en takmarkaðan leshraða, einkum þegar lesið er fyrir áheyrendur.

**Hljóðlestur** - Byrjendur í lestri lesa almennt upphátt á meðan þeir eru að þjálfra tæknilega hlið lestrarferlisins. Eftir því sem lestrarfærnin eykst fara nemendur að lesa meira í hljóði. Með hljóðlestri eykst leshraðinn, málskilningur styrkist og orðaforði eykst. Einnig læra börnin að njóta, lifa sig inn í efnið og setja sig í spor annarra.

**Nákvæmnislestur** - Nákvæmnislestur byggir á því að lesa hvert orð. Hraðinn er mismunandi eftir því hvað er lesið. honum skilning. Nákvæmnislestur krefst greinandi hugsunar við túlkun og mat á efninu og því er leshraðinn minni en þegar lesið er í hljóði.

**Yfirllestur** - Yfirllestur er notaður við t.d. lestur tímarita og dagblaða og er þá oftast lesið hratt.

**Leitarlestur** - Leitarlestur er notaður til að finna ákveðnar upplýsingar í texta t.d. í orðabók, verðlista og símaskrá.

**Hraðlestur** - Markmið með þjálfun í hraðlestri er að auka leshraða barna. Góður hraði í nákvæmnislestri er nefndur hraðlestur.

**Yndislestur** - Yndislestur merkir þá athöfn þegar lesandi les sér til yndis, af fúsum og frjálsum vilja og heldur því áfram af eigin hvötum.

**Gagnvirkur lestur** - Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Þar er nemendum kennt: að taka saman meginatriði efnisins, að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans, að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst, að spá fyrir um framhald texta.

**Heimalestur** - Nemendur lesa heima í 10-15 mínútur fimm sinnum í viku undir stjórn foreldra.

Svo eru það hermilestur, paralestur, yfirlitslestur, skimunarlestur, upplestur, leiklestur, kórlestur, samlestur, bergmálslestur og allt hitt ...